

Ágúst 2018



Komið þið sæl

Vinátta hefur verið einstaklega vel tekið á Íslandi og verkefnið breiðist hratt út. Sífelld fleiri leikskólar bætast í hóp *Vináttuleikskóla* og var *Vinátta* tilraunakennd í grunnskólum síðastliðinn vetur. Þá stendur yfir vinna við ungbarnaefnið sem gefið verður út í haust. Í þessu fréttabréfi greinum við frá helstu fréttum af *Vinátta* og því sem framundan er. Með kærri þakklæti fyrir samstarfið.

Með *Vináttukveðju*, Margrét Júlía og Linda Hrönn

Í þessu fréttablaði er:

- Kveðja frá starfsmönnum Barnaheilla
- *Vináttuleikskólum* fylgjar hratt
- Grunnskólar í tilraunakennslu
- Blær fer víða
- Ungbarnaefnið væntanlegt
- Næstu námskeið
- Námsstefna um *Vinátta*
- Pöntun á námsefni
- Blað *Barnaheilla* er komið út
- Viðurkenningarskjal *Vináttu*

„[Börnin] biðja um tímana, vilja knúsa Blæ og elska nuddið.“

-Grunnskólakennari í tilraunakennslu

Pöntun á námsefni:

Pöntun á námsefni fer í gegnum sérstaka [pöntunarsíðu](#) á heimasíðu *Barnaheilla*.

Vináttuleikskólum fylgjar hratt

Það er óhætt að segja að *Vináttuleikskólum* hafi fjölgað hratt. Nýir skólar hafa bæst við í hverjum mánuði og nú eru *Vináttuleikskólarnir* orðnir **112** talsins. Það eru hvorki meira né minna en um 47% leikskóla landsins. Þessari útbreiðslu má fyrst og fremst þakka ykkur sem hafið unnið með *Vinátta* í ykkar skólum því þannig hefur orðspor verkefnisins spurst hratt út.



Grunnskólakennarar í Kópavogi á námskeiði haustið 2017 ásamt Margréti Júlíu og Lindu Hrönn

Grunnskólar í tilraunakennslu

Síðastliðinn vetur var grunnskólaefni *Vinátta* tilraunakennt í 15 grunnskólum. Grunnskólarnir eru eftirtaldir: Álfhólsskóli, Hörðuvallaskóli, Kársnesskóli, Kópavogsskóli, Lindaskóli, Smáraskóli, Snælandsskóli og Vatnsendaskóli í Kópavogi, Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskóli Borgarfjarðar Hvanneyri, Grunnskóli Hveragerðis, Klébergsskóli í Reykjavík, Grunnskóli Seltjarnarness, Njarðvíkurskóli og Grundaskóli á Akranesi. Kennararnir sem vinna með efnið sóttu námskeið áður en vinna hófst með efnið auk þess sem þeir hafa fyllt út spurningalista í tvígang sem er liður í rannsókn á innleiðingu *Vináttu* í grunnskólum. Fundað hefur verið reglulega með kennurunum til að fylgjast með hvernig gengur að vinna með efnið. Fjórir grunnskólar Garðabæjar, Álftanesskóli, Flataskóli, Hofstaðaskóli og Sjálandsskóli bættust svo í hópinn í vor og sóttu kennarar úr þeim skólum námskeið. Þeir munu svo hefja vinnu með *Vinátta* í haust. Að tilraunakennslu lokinni mun grunnskólaefnið verða endurskoðað og gefið út að nýju. Þá gefst öllum grunnskólum kostur á að vinna með *Vinátta* í yngstu bekkjunum.

Ágúst 2018

Blað Barnaheilla er komið út

Blað Barnaheilla er komið út. Í blaðinu er að finna ýmsan fróðleik og greinar um *Vináttu*, námstefnuna og fleira. Viðtal er við leikarann Guðjón Davíð Karlsson, Góa, auk þess sem fjallað er um hin ýmsu verkefni sem Barnaheill standa fyrir. Blaðið má nálgast [hér](#).



Blær fer víða

Blær veit fátt skemmtilegra en að nema land sem víðast. Jafnt og þétt fjölgar þeim sveitarfélögum þar sem Blær hefur fest rætur, sáð fræjum og kynnt áherslur *Vináttu*.

[Hér](#) má sjá lista yfir þá skóla og sveitarfélög þar sem Blær hefur nú fasta búsetu.

Næstu námskeið:

- Grunnskólar í Kópavogi 10. ágúst
- Aðrir grunnskólar 14. ágúst
- Tónlistarnámskeið 17. ágúst
- Leikskólar 11. september

Auk þess eru fyrirhuguð námskeið í leikskólum víða um land.

Skráning á námskeiðin fer fram [hér](#)

Ef óskað er eftir sérnámskeiðum er haft samband í gegnum netfangið vinatta@barnaheill.is

Viðurkenningarskjal Vináttu

Þeir leikskólar sem eru Vináttuskólar geta nú nálgast viðurkenningarskjal á skrifstofu okkar sem staðfestir að skólinn sé Vináttuskóli. Skrifstofa Barnaheilla er að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík, 2. hæð og má nálgast skjölin á milli kl 9 og 16 alla virka daga.



Námstefna um Vináttu

Í marsmánuði var námstefna um *Vináttu* sem 150 manns sóttu og var dagskráin fjölbreytt. Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson flutti ávarp. Aðalfyrirlesarinn var Dr. Dorte Marie Søndergaard prófessor við háskólann í Árósum en aðrir fyrirlesarar voru Christina Stær Mygind frá Mary Fonden í Danmörku og Lene Lykkegaard frá Red barnet – Save the Children í Danmörku, Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri *Vináttu* hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi og Katrín Johnson frá Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Leik- og grunnskólakennarar greindu frá vinnu með *Vináttu*, þær Kristín Gísladóttir frá leikskólanum Uglukletti í Borgarnesi, Bergljót Jóhannsdóttir frá leikskólanum Jörfa í Reykjavík, Guðmundína Kolbeinsdóttir og Þórunn A. Ólafsdóttir frá Smáraskóla í Kópavogi og Hrund Malín Þorgeirsdóttir frá Grunnskóla Borgarfjarðar Hvanneyri. Birte Harksen fagstjóri tónlistar í leikskólanum Urðarhóli var með tónlistaratriði og leikarinn góðkunnir Guðjón Davíð Karlsson (Gói) miðlaði af reynslu sinni af einelti í áhrifaríku erindi. Þeir sex leikskólar sem unnu með *Vináttu* í tilraunaskyni veturinn 2014–2015, fengu afhentar viðurkenningar. Tónlistarmaðurinn Jón Jónsson flutti svo nokkur hugljúf lög að lokum. Mikil ánægja var á meðal ráðstefnugesta og stefnt er að því að hafa aðra námstefnu eftir tvö ár.

Ungbarnaefnið væntanlegt

Margir biða spenntir eftir því að ungbarnaefni *Vináttu* komi út. Búið er að þýða allt efnið og ritstjórnarvinna og umbrot stendur yfir þessar vikurnar. Við munum láta ykkur vita þegar námsefnið er tilbúið. Boðið verður upp á sérstök námskeið í notkun efnisins og geta þeir skólar sem senda starfsmenn á námskeið keypt ungbarnaefnið. Í boði verður hálf dags námskeið fyrir þá starfsmenn sem þegar hafa sótt Vináttunámskeið en heill dagur fyrir þá sem ekki hafa sótt slíkt námskeið.



Endilega hafðu samband:

Margrét Júlía eða Linda Hrönn
í síma 553 5900

Netfang: vinatta@barnaheill.is